

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 3, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 4. október 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 3 við Eyrartröð í Hafnarfirði. Breytingin felst í að á lóðinni er markaður nýr byggingarreitur, 40 x 8 metrar, með heimild fyrir byggingu 320 fermetra atvinnuhúsnæðis á einni hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,38 í 0,47. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. desember 2005.*

**Anna Sofia Karlsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2005